


# KÓPAVOGUR

## KYNFERÐISLEG OG KYNBUNDIN ÁREITNI Á VINNUSTAÐ

Samanburður 2010, 2011, 2013, 2015 og 2019

Hjördís Sigursteinsdóttir

September 2020



## EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ.....	3
INNGANGUR .....	4
KYNFERÐISLEG ÁREITNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ .....	6
KYNBUNDIN ÁREITNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ .....	9
BIRTINGAMYNDIR KYNFERÐISLEGRAR ÁREITNI .....	12
BIRTINGAMYNDIR KYNBUNDINNAR ÁREITNI.....	14
GERENDUR Í KYNFERÐISLEGA ÁREITNINU OG/EÐA KYNBUNDNA ÁREITNINU .....	15
VITNI AÐ KYNFERÐISLEGRI ÁREITNI OG/EÐA KYNBUNDINNI ÁREITNI Á VINNUSTAÐ.....	17
GERENDUR Í KYNFERÐISLEGA ÁREITNINU OG/EÐA KYNBUNDNA ÁREITNINU Á VINNUSTAÐ SEM VIÐKOMANDI VARÐ VITNI AÐ .....	19
SAMANTEKT .....	21

## MYNDASKRÁ

Mynd 1. Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?	6
Mynd 2. Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?	7
Mynd 3. Kynferðisleg áreitni á núverandi vinnustað 2010-2019.....	8
Mynd 4. Já, ég hef orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. ....	9
Mynd 5. Hefur þú orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?	10
Mynd 6. Kynbundin áreitni á núverandi vinnustað 2010-2019. ....	11
Mynd 7. Hvað af eftirfarandi háttsemi hefur verið beint gegn þér í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt sem þú upplifðir sem kynferðislega áreitni?.....	12
Mynd 8. Hvað af eftirfarandi háttsemi hefur verið beint gegn þér í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt sem þú upplifðir sem kynbundna áreitni? .....	14
Mynd 9. Hver var gerandinn í kynferðislega áreitinu á vinnustaðnum?.....	15
Mynd 10. Hver var gerandinn í kynbundna áreitinu á vinnustaðnum? .....	16
Mynd 11. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum? .....	17
Mynd 12. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynbundinni áreitni á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum? .....	18
Mynd 13. Hverjir hafa verið gerendur í kynferðislega áreitinu sem þú varst vitni að? .....	19
Mynd 14. Hverjir hafa verið gerendur í kynbundna áreitinu sem þú varst vitni að?.....	20

## INNGANGUR

Í þessari skýrslu er kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni skoðuð fyrir árin 2010, 2011, 2013, 2015 og 2019. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013, 16 annara sveitarfélaga árið 2015 og 12 annarra sveitarfélaga árið 2019. Skýrslunni er skipt upp í átta hluta; (1) Kynferðisleg áreitni á núverandi vinnustað, (2) Kynbundin áreitni á núverandi vinnustað, (3) Birtingamyndir kynferðislegar áreitni (4) Birtingamyndir kynbundinnar áreitni, (5) Gerendur í kynferðislega áreitninu og kynbundna áreitninu, (6) Vitni að kynferðislegrí áreitni og kynbundinni áreitni, (7) Gerendur í kynferðislega áreitninu og kynbundna áreitninu á vinnustað sem starfsfólk varð vitni að og (8) Samantekt.

Í fyrirlögnum 2010, 2011, 2013 og 2015 var kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni mæld með tveimur spurningum: (1) „Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“ og (2) „Hefur þú orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: Nei, já einu sinni og já oftar en einu sinni. Útskýrt var á undan spurningunum að kynferðisleg áreitni fæli í sér kynferðislegar athafnir, hegðun eða athugasemdir sem beinast að einstaklingi og eru gegn hans samþykki eða vilja. Kynbundin áreitni er særandi eða niðurlægjandi framkoma í garð kvenna og karla vegna kyns þeirra, t.d. konur eru..., karlar eru..., án þess þó að vera kynferðisleg.

Í fyrirlögnum 2019 var kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni mæld með tveimur spurningum spurningunum: (1) „Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum? Kynferðisleg áreitni felur í sér kynferðislegar athafnir, hegðun eða athugasemdir sem beinast að einstaklingi og eru gegn hans samþykki eða vilja.“ og (2) „Hefur þú orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum? Kynbundin áreitni er særandi eða niðurlægjandi framkoma í garð kvenna eða karla vegna kyns þeirra, án þess þó að vera kynferðisleg“. Svarmöguleikar voru: (1) Nei, (2) Já, en málið var ekki tilkynnt, (3) Já, málið var tilkynnt og er í vinnslu, (4) Já, málið var tilkynnt og unnið úr því, (5) Já, málið var tilkynnt en ekkert gert.

Í fyrirlögnum 2019 var spurt um birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni og kynbundinnar áreitni: (1) „Hvað af eftirfarandi háttsemi hefur verið beint gegn þér í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt sem þú upplifðir sem kynferðislega áreitni?“. Svarendum var heimilit að merkja til fleiri en einn svarmöguleika. Svarmöguleikar við kynferðislegri áreitni voru: (1) „Óviðeigandi augnaráð með kynferðislegum undirtón sem varð til þess að þér leið illa?“, (2) „Að þér sú sýndar myndir af kynferðislegum toga sem þér finnst móðgandi, niðurlægjandi eða ógnandi?“, (3) „Óviðeigandi tillögu að stefnumóti sem þér fannst vera móðgandi, niðurlægjandi eða ógnandi?“, (4) „Óviðeigandi tillögu að einhverskonar kynferðislegum samskiptum?“, (5) Óþarflega mikla

nálægð, faðmlög, kossa eða aðra snertingu sem þú vildir ekki?”, (6) „Að einhver sem tengist vinnunni sé með kynferðislega tilburði við þig á samfélagsmiðlum eða vefspjallrásum.”, (7) „Að einhver sendi þér tölvupósta eða skilaboð með kynferðislegu efni?”, (8) „Að einhver hótáði þér erfiðleikum í starfi ef þú aettir ekki í kynferðislegum samskiptum við viðkomandi?”, (9) „Óviðeigandi brandara með kynferðislegum undirtón?”, (10) „Óviðeigandi ummæli um vaxtarlag eða einkalíf þitt með kynferðislegum undirtón?“.


(2) „Hvað af eftirfarandi háttsemi hefur verið beint gegn þér í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt sem þú upplifðir sem kynbundna áreitni?“. Svarendum var heimilit að merkja til fleiri en einn svarmöguleika. Svarmöguleikar við kynbundinni áreitni voru: (1) „Að sagðir eru óviðeigandi, móðgandi eða særandi brandarar sem tengjast kyni þínu?“, (2) „Að þér er sýnd óviðeigandi, móðgandi eða særandi hegðun vegna kyns þíns?, (3) „Að gert er lítið úr þér að þínum hæfileikum vegna kyns þíns?“, (4) „Almennt neikvætt viðhorf um kyn þitt á vinnustaðnum?“.

Í öllum fyrirlögnum spurningalistans var spurt á eftirfarandi hátt út í gerendur: „Ef þú svaraðir já við að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni, hver var gerandinn?“. Það mátti merkja við fleiri en einn aðila. Svarmöguleikar voru: (1) stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.

Í fyrirlögnunum 2015 og 2019 var jafnframt spurt hvort viðkomandi hafi orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Svarmöguleikar voru: (1) „Nei“, (2) „Já“. Þeir sem merktu við já að hafa orðið vitni að kynferðislegri áreitni og eða kynbundinni áreitni á vinnustað hjá starfsmanni sveitarfélagsins fengu spurninguna: „Hverjur hafa verið gerendur í kynferðislega áreitinu og/eða kynbundna áreitinu sem þú hefur orðið vitni að?“. Svarmöguleikar voru: (1) Stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi-/íbúi/aðstandandi, (4) annar.

## KYNFERÐISLEG ÁREITNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögnunum 2010, 2011, 2013 og voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2), Já, einu sinni og (3) Oftar en einu sinni. Í fyrirlögninni 2019 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2) Já, en málið var ekki tilkynnt, (3) Já, málið var tilkynnt og er í vinnslu, (4) Já, málið var tilkynnt og unnið úr því, (5) Já, málið var tilkynnt en ekkert gert.




**Mynd 1. Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?**

Sjá má að í langflestim tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 0,8-1,4% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,3-2,6%.

Sjá má að hlutfall þeirra sem hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni oftar en einu sinni er það sama meðal starfsfólksins og starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni í fyrirlögninni 2010, lægra í fyrirlögninni 2011 en hærra í fyrirlögnunum 2013 og 2015. Horft til þeirra sem hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni einu sinni á vinnustað á síðustu tveimur árum má sjá að hlutfallið er hærra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni nema í fyrirlögninni 2015 en þá mældist það jafnhátt.


Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,0-1,3% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 0,7-0,9%.



**Mynd 2. Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?**

Sjá má að í langflestum tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögninni 2019 höfðu 2,2% orðið fyrir kynferðislegri áreitni en ekki tilkynnt um málið, í 0,1% tilvika var málið í vinnslu og 0,1 tilvika hafði kynferðislega áreitnin verið tilkynnt en ekkert gert í málinu.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að í fyrirlögninni 2019 höfðu 1,6% orðið fyrir kynferðislegri áreitni en ekki tilkynnt um. Í 0,2% tilvikum var það þannig að kynferðisleg áreitni var tilkynnt og ekkert gert í málinu.



**Mynd 3. Kynferðisleg áreitni á núverandi vinnustað 2010-2019**


Niðurstöðurnar sýna að kynferðisleg áreitni mældist á bilinu 2,1-3,4%, hæst í fyrirlögninni 2011 en lægst í fyrirlögninni 2015.

Kynferðisleg áreitni mældist hærri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í öllum fyrirlögnunum.

Horft til allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að kynferðisleg áreitni mældist á bilinu 1,9-2,1%, hæst í fyrirlögninni 2019 og lægst í fyrirlögninni 2010.

## KYNBUNDIN ÁREITNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögnunum 2010, 2011, 2013 og 2015 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2) Já, einu sinni og (3) Oftar en einu sinni. Í fyrirlögninni 2019 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2) Já, en málið var ekki tilkynnt, (3) Já, málið var tilkynnt og er í vinnslu, (4) Já, málið var tilkynnt og unnið úr því, (5) Já, málið var tilkynnt en ekkert gert.




**Mynd 4. Já, ég hef orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum.**

Sjá má að í langflestum tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 0,8-3,2% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,1-2,3%.

Sjá má að hlutfall þeirra sem hefur orðið fyrir kynbundinni áreitni oftar en einu sinni er hærra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni í öllum fyrirlögnum nema í fyrirlögninni 2015 og einnig lægri þegar horft er til þeirra sem hafa orðið fyrir kynbundinni áreitni einu sinni á vinnustað á síðustu tveimur árum í öllum fyrirlögnum spurningalistans nema í fyrirlögninni 2015.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,1-2,2% og


hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,1-1,4%.



**Mynd 5. Hefur þú orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?**

Sjá má að í langflestum tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögninni 2019 höfðu 3% orðið fyrir kynbundinni áreitni en ekki tilkynnt um málið, í 0,1% tilvika var málið í vinnslu og í 0,2% tilvika var það þannig að kynbundin áreitni var tilkynnt og ekkert gert í málinu.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að í fyrirlögninni 2019 höfðu 2,0% orðið fyrir kynbundinni áreitni en ekki tilkynnt um málið og í 0,1% tilvika var það þannig að kynbundin áreitni var tilkynnt og ekkert gert í málinu.




**Mynd 6. Kynbundin áreitni á núverandi vinnustað 2010-2019.**

Niðurstöðurnar sýna að kynbundin áreitni mældist á bilinu 1,9-5,5%, hæst í fyrirlögninni 2010 og lægst í fyrirlögninni 2015. Niðurstöðurnar sýna að kynbundin áreitni mældist hærri í lok rannsóknartímans en í upphafi hans. Kynbundin áreitni mældist hærri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í öllum fyrirlögnunum nema fyrirlögninni 2015.

Horft til allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að kynbundin áreitni mældist á bilinu 2,3-3,3%, hæst í fyrirlögninni 2013 og lægst í fyrirlögninni 2019.

## BIRTINGAMYNDIR KYNFERÐISLEGRAR ÁREITNI

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um birtingamyndir kynferðislegrar áreitni. Spurt var: „Hvað af eftirfarandi háttsemi hefur verið beint gegn þér í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt sem þú upplifðir sem kynferðislega áreitni?“. Svarendum var heimilit að merkja til fleiri en einn svarmöguleika. Svarmöguleikar voru: (1) „Óviðeigandi augnaráð með kynferðislegum undirtón sem varð til þess að þér leið illa?“, (2) „Að þér sú sýndar myndir af kynferðislegum toga sem þér finnst móðgandi, niðurlægjandi eða ógnandi?“, (3) „Óviðeigandi tillögu að stefnumóti sem þér fannst vera móðgandi, niðurlægjandi eða ógnandi?“, (4) „Óviðeigandi tillögu að einhverskonar kynferðislegum samskiptum?“, (5) Óþarflega mikla nálægð, faðmlög, kossa eða aðra snertingu sem þú vildir ekki?“, (6) „Að einhver sem tengist vinnunni sé með kynferðislega tilburði við þig á samfélagsmiðlum eða vefspjallrásum.“, (7) „Að einhver sendi þér tölvupósta eða skilaboð með kynferðislegu efni?“, (8) „Að einhver hótaði þér erfiðleikum í starfi ef þú ættir ekki í kynferðislegum samskiptum við viðkomandi?“, (9) „Óviðeigandi brandara með kynferðislegum undirtón?“, (10) „Óviðeigandi ummæli um vaxtarlag eða einkalíf þitt með kynferðislegum undirtón?“.




**Mynd 7. Hvað af eftirfarandi háttsemi hefur verið beint gegn þér í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt sem þú upplifðir sem kynferðislega áreitni?**

Niðurstöðurnar sýna að algengast var að starfsfólkið upplifði óþarflega mikla nálægð, faðmlög, kossa eða aðra snertingu sem það vildi ekki og óviðeigandi brandara með kynferðislegum undirtón sem kynferðislega áreitni. Einnig voru nokkrir sem merktu við að óviðeigandi ummæli um vaxtarlag eða einkalíf með kynferðislegum undirtón, óviðeigandi tillaga að einhverskonar kynferðislegum samskiptum og óviðeigandi augnaráð með kynferðislegum undirtón sem varð til þess að þeim leið illa hafi verið beint gegn því í starfi þess eða í tenglum við starfið sem það upplifði sem kynferðislega áreitni.

Horft til starfsfólks hjá öllum sveitarfélögum í rannsókninni má sjá að algengast er að starfsfólkið upplifi óþarflega mikla nálægð, faðmlög, kossa eða aðra snertingu sem það vildi ekki sem kynferðislega áreitni. Einnig voru nokkrir sem merktu við að fá óviðeigandi ummæli um vaxtarlag eða einkalíf sitt með kynferðislegum undirtón, óviðeigandi augnaráð með kynferðislegum undirtón sem varð til þess að þeim leið illa hafi verið beint gegn því í starfi þess eða í tenglum við starfið sem það upplifði sem kynferðislega áreitni.

## BIRTINGAMYNDIR KYNBUNDINNAR ÁREITNI

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um birtingamyndir kynferðislegrar áreitni. Spurt var: „Hvað af eftirfarandi háttsemi hefur verið beint gegn þér í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt sem þú upplifðir sem kynbundna áreitni?“. Svarendum var heimilit að merkja til fleiri en einn svarmöguleika. Svarmöguleikar voru: (1) „Að sagðir eru óviðeigandi, móðgandi eða særandi brandarar sem tengjast kyni þínu?“, (2) „Að þér er sýnd óviðeigandi, móðgandi eða særandi hegðun vegna kyns þíns?“, (3) „Að gert er lítið úr þér að þínum hæfileikum vegna kyns þíns?“, (4) „Almennt neikvætt viðhorf um kyn þitt á vinnustaðnum?“.




**Mynd 8. Hvað af eftirfarandi háttsemi hefur verið beint gegn þér í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt sem þú upplifðir sem kynbundna áreitni?**

Niðurstöðurnar sýna að algengast var að starfsfólk ið upplifði að gert hafi verið lítið úr því eða hæfileikum þess vegna kyns þess og að sagðir eru óviðeigandi, móðgandi eða særandi brandarar sem tengjast kyni þess sem kynferðislega áreitni. Einnig má sjá að það að þeim væri sýnd óviðeigandi, móðgandi eða særandi hegðun vegna kyns þess.

Horft til starfsfólks hjá öllum sveitarfélögum í rannsókninni má sjá að algengast var að starfsfólk ið upplifi að sagðir eru óviðeigandi, móðgandi eða særandi brandarar sem tengjast kyni þess sem kynferðislega áreitni. Einnig voru nokkrir sem merktu við að gert er lítið úr því eða þínum hæfileikum vegna kyni þess og að þeir hafið verið sýnd óviðeigandi eða særandi hegðun gagnvart kyni þeirra hafi verið beint gegn því í starfi þess eða í tenglum við starfið sem það upplifði sem kynbundna áreitni.

## GERENDUR Í KYNFERÐISLEGA ÁREITNINU OG/EÐA KYNBUNDNA ÁREITNINU


Í þessum hluta er niðurstaða fjallað um gerendur í kynferðislega áreitninu og/eða kynbundna áreitninu á vinnustað. Spurt var: „Ef þú svaraðir já við að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni, hver var gerandinn?“. Það mátti merkja við fleiri en einn aðila. Svarmöguleikar voru: (1) stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi-/íbúi/aðstandandi, (4) annar.



**Mynd 9. Hver var gerandinn í kynferðislega áreitnu á vinnustaðnum?**

Sjá má að algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandinn í kynferðislega áreitninu eða í um 50-67% tilvika. Sjá má að hlutfall vinnufélaga sem gerendur í kynferðislega áreitninu mældist hærra hjá starfsfólkini en hjá starfsfólkí allra sveitarfélaganna.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandinn í kynferðislega áreitninu í öllum fyrirlögnum spurningalistans nema í fyrirlögninni 2015.




**Mynd 10. Hver var gerandinn í kynbundna áreitnu á vinnustaðnum?**

Sjá má að algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandinn í kynbundna áreitninu nema í fyrirlögninni 2019 eða í um 62-73% tilvika. Sjá má að hlutfall vinnufélaga sem gerendur í kynbundna áreitninu í fyrirlögnunum 2010, 2011 og 2015 mældist mun hærra hjá starfsfólkini en hjá starfsfólkí allra sveitarfélaganna.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandinn í kynbundna áreitninu í öllum fyrirlögnum spurningalistans.

## VITNI AÐ KYNFERÐISLEGRI ÁREITNI OG/EÐA KYNBUNDINNÍ ÁREITNI Á VINNUSTAÐ


Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið vitni að kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum sem spurt var um í fyrirlögnunum 2015 og 2019. Spurt var: „Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: (1) Nei, (2) Já, á mínum vinnustað, (3) já, á öðrum vinnustað hjá sveitarféluginu.



**Mynd 11. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?**

Sjá má að 2,3% starfsfólksins hefur orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015 og 5,6% í fyrirlögninni 2019. Einnig má sjá að hlutfallið er lægra en meðal starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni í fyrirlögninni 2015 en hærra í fyrirlögninni 2019.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að 2,9% starfsfólksins hefur orðið vitni að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir einelti á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015 en 4,2% í fyrirlögninni 2019.




**Mynd 12. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynbundinni áreitni á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?**

Sjá má að 2,8% starfsfólksins hefur orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynbundinni áreitni á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015 og 5,0% í fyrirlögninni 2019. Einnig má sjá að hlutfallið er lægra en meðal starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni í fyrirlögninni 2015 og hærra í fyrirlögninni 2019.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að um 3% starfsfólksins hefur orðið vitni að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir einelti á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015 en rúm 4% í fyrirlögninni 2019.

## GERENDUR Í KYNFERÐISLEGA ÁREITNINU OG/EÐA KYNBUNDNA ÁREITNINU Á VINNUSTAÐ SEM VIÐKOMANDI VARÐ VITNI AÐ


Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um gerendur í kynferðislega áreitninu og kynbundna áreitninu á vinnustaðnum sem viðkomandi varð vitni að á síðastliðnum tveimur árum sem spurt var um í fyrirlögnunum 2015 og 2019. Þeir sem merktu við já að hafa orðið vitni að kynferðislegri áreitni og eða kynbundinni áreitni á vinnustað hjá starfsmanni sveitarfélagsins fengu spurninguna: „Hverjur hafa verið gerendur í kynferðislega áreitinu og/eða kynbundna áreitinu sem þú hefur orðið vitni að?“. Svarmöguleikar voru: (1) Stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi-/íbúi/aðstandandi, (4) annar.



Mynd 13. Hverjur hafa verið gerendur í kynferðislega áreitinu sem þú varst vitni að?

Sjá má að algengast var að vinnufélagar hafi verið gerendur í kynferðislega áreitninu sem starfsfólk varð vitni að. Einnig má sjá að hlutfall vinnufélaga sem geranda í kynferðislega áreitninu var mun hærra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í fyrirlögninni 2019.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að algengast var þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandi í kynferðislega áreitninu sem starfsfólk varð vitni að í fyrirlögninni 2015 en vinnufélagi í fyrirlögninni 2019.



**Mynd 14. Hverjir hafa verið gerendur í kynbundna áreitnu sem þú varst vitni að?**

Sjá má að algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandi í kynbundna áreitnu sem starfsfólk varð vitni að.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandi í kynbundna áreitnu sem starfsfólk varð vitni að bæði í fyrirlögninni 2015 og í fyrirlögninni 2019.

## SAMANTEKT

Í þessari skýrslu er kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni á vinnustað skoðuð fyrir árin 2010, 2011, 2013, 2015 og 2019. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013, 16 annara sveitarfélaga árið 2015 og 12 annarra sveitarfélaga árið 2019. Fjallað er um kynferðislega áreitni á núverandi vinnustað, kynbundna áreitni á vinnustað, birtingamyndir kynferðislegrar áreitni og kynbundinnar áreitni, gerendur í kynferðislega áreitinu og kynbundna áreitinu og hvort starfsfólk hafi orðið vitni að kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni á vinnustaðnum og þá gerendur í kynferðislega áreitinu og kynbundna áreitinu.

Niðurstöðurnar sýna að kynferðisleg áreitni mældist á bilinu 2,1-3,4%, hæst í fyrirlöginni 2011 en lægst í fyrirlöginni 2015. Kynferðisleg áreitni mældist hærri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í öllum fyrirlögnum.

Niðurstöðurnar sýna að kynbundin áreitni mældist á bilinu 1,9-5,5%, hæst í fyrirlöginni 2010 og lægst í fyrirlöginni 2015. Niðurstöðurnar sýna að kynbundin áreitni mældist hærri í lok rannsóknartímans en í upphafi hans. Kynbundin áreitni mældist hærri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í öllum fyrirlögnum nema fyrirlöginni 2015.

Algengast var að starfsfólk ið upplifði óþarflega mikla nálægð, faðmlög, kossa eða aðra snertingu sem það vildi ekki og óviðeigandi brandara með kynferðislegum undirtón sem kynferðislega áreitni. Einnig voru nokkrir sem merktu við að óviðeigandi ummæli um vaxtarlag eða einkalíf með kynferðislegum undirtón, óviðeigandi tillaga að einhverskonar kynferðislegum samskiptum og óviðeigandi augnaráð með kynferðislegum undirtón sem varð til þess að þeim leið illa hafi verið beint gegn því í starfi þess eða í tenglum við starfið sem það upplifði sem kynferðislega áreitni.

Algengast var að starfsfólk ið upplifði að gert hafi verið lítið úr því eða hæfileikum þess vegna kyns þess og að sagðir eru óviðeigandi, móðgandi eða særandi brandarar sem tengjast kyni þess sem kynbundin áreitni. Einnig má sjá að það að þeim væri sýnd óviðeigandi, móðgandi eða særandi hegðun vegna kyns þess.

Niðurstöðurnar sýna að algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandinn í kynferðislega áreitninu eða í um 50-67% tilvika. Sjá má að hlutfall vinnufélaga sem gerendur í kynferðislega áreitninu mældist hærra hjá starfsfólkini en hjá starfsfólk allra sveitarfélaganna. Algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandinn í kynbundna áreitninu nema í fyrirlöginni 2019 eða í um 62-73% tilvika. Sjá má að hlutfall vinnufélaga sem gerendur í kynbundna áreitninu í fyrirlögnum 2010, 2011 og 2015 mældist mun hærra hjá starfsfólkini en hjá starfsfólk allra sveitarfélaganna.

Um 2% starfsfólksins hefur orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015 og 6% í fyrirlögninni 2019. Einnig má sjá að hlutfallið er lægra en meðal starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni í fyrirlögninni 2015 en hærra í fyrirlögninni 2019.

Um 3% starfsfólksins hefur orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynbundinni áreitni á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015 og 5% í fyrirlögninni 2019. Einnig má sjá að hlutfallið er lægra en meðal starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni í fyrirlögninni 2015 og hærra í fyrirlögninni 2019.

Algengast var að vinnufélagar hafi verið gerendur í kynferðislega áreitninu sem starfsfólk varð vitni að. Einnig má sjá að hlutfall vinnufélaga sem geranda í kynferðislega áreitninu var mun hærra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í fyrirlögninni 2019. Algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandi í kynbundna áreitninu sem starfsfólk varð vitni að.